

Föstudaginn 2. apríl 1982.

Nr. 23/1981. **Úretan-einangrun**  
 gegn  
**Hersteini Tryggvasyni.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Úretan-einangrun, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. apríl 1982.

Nr. 226/1981. **Ákærvaldið**  
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
 gegn  
**Guðbergi Guðjónssyni**  
 (Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thorodd-  
 sen og Magnús P. Torfason.

Héraðsdóm kvað upp Júlíus B. Georgsson, fulltrúi bæjar-  
 fógetans í Vestmannaeyjum.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með  
 stefnu 15. september 1981, og er málinu einnig áfrýjað af  
 hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip máls barst Hæsta-  
 rétti 30. desember 1981.

Af hendi ákærvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði  
 staðfestur, þó svo, að refsing ákærða verði þyngd.

Verjandi krefst þess með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, að ákærða verði eigi dæmd sérstök refsing.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sakarmat og færslu atferlis ákærða til refsíákvæðis. Samkvæmt sakavottorði ákærða sætti hann með dómi sakadóms Kópavogs hinn 19. janúar 1982 tveggja mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga, og var það brot framið 18. febrúar 1980. Ákærði sætti dómi í Noregi hinn 18. júlí 1978, 2 mánaða fangelsi óskilorðsbundið og 7 mánaða fangelsi skilorðsbundið, fyrir skjalafals, þjófnað og ólögmeta meðferð fundins fjár, og voru brotin framin í júní 1978. Er sá dómur eigi réttilega reifaður í hinum áfrýjaða dómi. Þá sætti hann 6 mánaða fangelsi með dómi Hæstaréttar 25. september 1980 fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, og var það brot framið 23. apríl 1978. Ber nú að dæma ákærða refsingu með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga svo og með vísan til 72. gr. sömu laga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.000.00 krónur.

Óhæfilegur dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa, frá því að vörn var skilað og fram til þess, að dómur var kveðinn upp.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guðbergur Guðjónsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Vestmannaeyja 2. júní 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað með ákæru-skjali ríkissaksóknara, dagsettu 3. maí 1978, gegn ákærða, Guðbergi Guðjónssyni, þá heimilisláusum verkamanni, en nú til heimilis að Furugrund 26, Kópavogi, fæddum 1. ágúst 1943 í Reykjavík.

Ákærða er gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 5. mars 1978 farið um borð í loðnuskipið Skarðsvík, SH 205, við Friðarhafnarbryggju í Vestmannaeyjahöfn og slegið eign sinni á 50.000 krónur, sem ákærði fann þar um borð.

Telst ofangreint atferli varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur. Hann hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1960 6/10 á Keflavíkurflugvelli: Áminning fyrir tolllagabrot.  
1961 í Reykjavík: Kærður fyrir 6 þjófnaði. Ákæru frestað skilorðsbundið í 3 ár frá 1/3 1961.
- 1961 5/5 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. og 248. gr. hegningarlaga.
- 1961 27/10 í Reykjavík: Dómur: 18 mánaða fangelsi fyrir brot á 155., 244., 246. og 259. gr. hegningarlaga.
- 1961 15/12 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1962 1/9 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 44. gr. áfengisлага og 7., sbr. 78. gr. lögreglusamþykktar.
- 1962 4/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 22/1 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1964 28/12 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 3ja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur, kr. 3.600.
- 1965 12/4 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 2.000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 12/4 1965, fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.
- 1965 5/5 í Reykjavík: 5 mánaða fangelsi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

- 1965 20/10 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. (Hegningarauki).
- 1966 7/10 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1967 2/1 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага. Greiði skaðabætur að hálfu, kr. 1.000.
- 1967 7/4 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli, sem dæmt var í sakadómi Reykjavíkur 7/10 1966: Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
- 1967 9/10 í Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1969 10/1 í Reykjavík: Sátt, 8.000 kr. sekt fyrir brot gegn 219. gr. hegningarlaga og 45. gr. og 49. gr. umferðarlaga.
- 1970 25/2 í Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1971 21/5 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1972 30/11 í Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot á 155. gr. hegningarlaga.
- 1973 26/11 í Reykjavík: Dómur: 18 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1976 24/3 í Hafnarfirði: Sátt, 18.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengisлага. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 24/3 1976.
- 1977 29/3 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga.
- 1978 21/8 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1979 6/9 í Garðakaupstað: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

Málsatvik eru þessi:

Sunnudaginn 5. mars 1978, kl. 1010, hafði skipstjórinn á m/s Skarðsvík, SH 205, talstöðvarsamband við lögregluna í Vestmannaeyjum og skýrði frá því, að þá um nóttina, er verið var að landa loðnu úr skipinu, hefði maður komið um borð í skipið og stolið 50.000 krónum frá einum skipverja hans. Sagði hann, að meðan á löndun stóð, hefði aðeins einn maður komið um borð og kæmi því enginn annar til greina. Lýsti skipstjórinn manni þessum þannig, að hann væri mjósleginn í andliti, dökk-

hærður, í stuttum dökkum leðurjakka og fremur ljósri skyrtu og ynni við beitingu á m/b Kópi, VE 11. Enn fremur sagði skipstjórinn, að skipverjarnir hefðu veitt því athygli, þegar maður þessi fór frá borði, að hann hefði gefið sig á tal við ökumann vörubifreiðar, sem notuð var við löndunina.

Tveir lögreglumenn hófu þegar að vinna að þessu máli. Höfðu þeir tal af tveimur vörubifreiðarstjórum, sem unnið höfðu að löndun úr m/s Skarðsvík, þeim Ástþóri Ísleifssyni, Ásavegi 16, Vestmannaeyjum, og Friðrik Má Sigurðssyni, Birkihlíð 3, Vestmannaeyjum. Bifreiðarstjórnarnir könnuðust báðir við mann þennan eftir lýsingu lögreglumannanna, en sögðust halda, að maðurinn, sem þeir þekktu ekki með nafni, ynni við beitingu hjá útgerð m/b Sæþórs Árna, VE.

Lögreglumennirnir fóru í verbúð Vinnslustöðvarinnar h/f, og þar höfðu þeir upp á manni, sem fyrrgreind lýsing gat átt við. Hann kvaðst aðspurður heita Guðbergur Guðjónsson, vera fæddur 1. ágúst 1943 og eiga lögheimili í Svíþjóð. Maður þessi, sem er ákærði í máli þessu, kvaðst, er hann var spurður um ferðir sínar þá um nóttina, hafa verið hjá konu sinni, þ. e. í verbúð Vinnslustöðvarinnar h/f. Breytti hann síðar framburði þessum og kvaðst nú hafa farið um borð í m/b Sæþór Árna, en engan bát annan.

Ákærði var því næst færður í fangageymslu lögreglunnar. Meðferðis hafði hann kr. 23.600 í peningum. Enn breytti ákærði framburði sínum og sagðist nú hafa farið um borð í m/s Skarðsvík og stolið þar peningum, 50.000 krónum. Hefði kona hans fengið helming fjárens, en hún vissi ekki, að um stolna peninga væri að ræða.

Farið var með ákærða í verbúð Vinnslustöðvarinnar og hann látinn afhenda peningana, sem þar með voru orðnir 48.600 kr., en að svo búnu var ákærði á ný færður í fangageymslu lögreglunnar.

Haft var samband við skipstjóra m/s Skarðsvíkur og honum skýrt frá málalokum. Sagði hann, að eigandi peninganna væri Freyr Reynisson, Skjaldartröð, Hellnum, Snæfellsnessýslu, og fékk Freyr peningana afhenta hinn 13. mars 1978.

Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að einhvern tíma umrætt kvöld hefði hann farið um borð í m/s Skarðsvík, SH 205, þar sem verið var að landa úr skipinu loðnu við Friðarhafnarbryggju. Ákærði kvaðst hafa verið mjög ölvaður, enda hefði hann verið búinn að vera við drykkju allan daginn. Ekki kvaðst

ákærði hafa gert sér grein fyrir, í hvaða tilgangi hann fór um borð í áður nefnt skip, en sagðist þó alla vega ekki hafa gert það í þjófnaðartilgangi. Ekki kvaðst ákærði muna, hvort hann talaði við einhverja af skipverjum m/s Skarðsvíkur, en hann mundi eftir að hafa verið að tala við bifreiðarstjóra, sem unnu við að aka loðnu úr Skarðsvíkinni í bræðslu. Ákærði kannaðist við að hafa tekið peninga um borð í skipinu án þess þó að geta gert sér grein fyrir, hvar hann fann þessa peninga, sem eingöngu hefðu verið í fimmpúsundkrónaseðlum. Kvaðst ákærði hafa eytt u. þ. b. 1.400 krónum af þessum peningum og hefði hann keypt sigarettur, öl og e. t. v. eitthvað fleira fyrir þessa upphæð.

Ákærði kvaðst hafa sagt konu sinni, að hann hefði fengið þessa peninga fyrir beitinguna, en kvaðst halda, að hún hefði ekki trúað honum.

Ákærði sagðist ekki hafa munað, er hann vaknaði, hvar hann hefði fengið þessa peninga, það hefði ekki verið fyrr en hann kom á lögreglustöðina, að þetta hefði farið að rifjast upp fyrir honum.

Loks lét ákærði þess getið, að kona hans hefði ekki vitað, hvernig peningar þeir, sem hann afhenti henni, hefðu verið til komnir, en hún hefði aftur á móti sagt, þegar hann kom að ná í þá með lögreglunni, að hana hefði grunað, að hann hefði gert eitthvað af sér.

Af hálfu ákærða er sú dómkrafa gerð, að honum verði ekki gerð sérstök refsing í máli þessu. Jafnframt er krafist málsvarnarlauna að mati dómsins.

Bent er á, að fyrir liggi í málinu sakavottorð ákærða, dagsett 24. apríl 1978. Eftir að sakavottorð þetta var gefið út svo og ákæran í málinu, þá hafi ákærði hlotið tvo refsídóma fyrir brot á hegningarlögum. Á árinu 1978 hafi hann hlotið 12 mánaða fangelsi í Noregi og með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 21. ágúst 1978, hafi hann hlotið 3ja mánaða fangelsi. Þá er enn fremur á það bent, að fyrir sakadómi Garðabæjar liggi þrjár ákæru, dags. 20. janúar 1976, 31. maí 1977 og 5. júlí 1977. Dómur í málum þessum sé væntanlegur innan fárra daga, en af hálfu ákærða hafi vörn verið lögð fram 23. nóvember 1977.

Af framangreindu megi vera ljóst, að nauðsynlegt sé fyrir þennan dómstól að afla upplýsinga um öll framangreind mál, áður en dómur verður kveðinn upp, þar sem við ákvörðun refsingar í máli þessu skuli fara eftir 78. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 77. gr. sömu laga.

Með hliðsjón af fyrrgreindum dómum verði að telja, að ekki eigi að dæma ákærða sérstaka refsingu í máli þessu.

Niðurstaða.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru og varðar hann refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Frá árinu 1961 hefur ákærði 16 sinnum hlotið dóma fyrir auðgunarbrot og önnur hegningarlagabrot.

Síðast hlaut hann dóm héraðs héraðs hinn 6. september 1979, 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga. Hinn 21. ágúst 1978 var ákærði dæmdur í 3ja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þá var ákærði á árinu 1978 dæmdur í 3ja mánaða óskilorðsbundið fangelsi og 9 mánaða skilorðsbundið fangelsi í Noregi fyrir tékkabrot.

Þessir þrjú dómur eru kveðnir upp, eftir að ákærði framdi brot það, sem hér er um fjallað.

Samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga verður ákærða því dæmdur hegningarauki í máli þessu.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af sakaferli hans og sbr. 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi í 2 mánuði.

Samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 50.000.

Dómsuppkvaðning í máli þessu hefur dregist vegna mikilla anna dómarsans við önnur embættisstörf.

#### Dómsorð:

Ákærði, Guðbergur Guðjónsson, sæti fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.